

# Skólamenningarfundir 8.-10.bekk

## Samantekt unglíngastígs:

Nemendum á unglíngastígi finnst skólamenningin almennt góð en eru þó sammála um að hún sé misgóð eftir hópum. Almennt ræða nemendur að það sé skemmtilegt í skólanum, flestir eigi vini og það sé gott andrúmsloft í skólanum. Margur upplifa þó að það sé mikil klíkumyndun og talsverður rígur á milli hópa sem skapi stundum neikvæð samskipti og drama. Almennt eru nemendur á unglíngastígi sammála um að þörf sé á markvissu hópefli til þess að hrista betur saman hópinn og kynnast betur.

## Samantekt árgangar:

Nemendum í 8. bekk þykir skólamenningin almennt góð. Þeim finnst skólinn skemmtilegur, allir eiga vin, nemendur eru hvattir til að vera sjálfstæðir og fjölbreytileika fagnað. Þeim finnst þó vera klíkumyndun í hópnum og það valdi stundum neikvæðum samskiptum og drama. Nemendur eru sammála um að þeir vilji taka skólann alvarlega og að neikvæð samskipti og ofbeldi eigi ekki að líðast í skólanum. Nemendur koma með margar góðar hugmyndir um hvernig má efla jákvæða skólamenningu, t.d. blanda meira í hópa á milli bekkja, gera eitthvað skemmtilegt saman og kynnast betur, vera duglegri að greina frá líðan og segja frá, koma fram við hvort annað af virðingu og leita aðstoðar við samskiptavanda eftir þörfum.

Nemendum í 9. bekk finnst skólamenningin vera misgóð. Þeir tala um að flestir eigi góða vini en það sé samt sem áður mikil klíkumyndun sem geti verið bæði gott og slæmt. Samskipti milli hópa/klíka eru lítil og þörf á að hrista betur saman allan hópinn. Þá tala nemendur um að heimanám sé ekki nógu vel skipulagt, kennarar tali ekki nógu mikið saman varðandi álag og verkefni séu ekki nógu vel útskýrð. Nemendur eru sammála um að þeir vilji ekki hafa einelti, neikvæð samskipti eða vanlíðan í skólanum. Þeir leggja áherslu á mikilvægi þess að tekið sé alvarlega á eineltismálum og vanlíðan nemenda. Nemendur koma með margar hugmyndir að því hvernig megi efla góða skólamenningu, t.d. telja þeir brýnt að nemendur séu jákvæðir, dæmi ekki aðra, hjálpi hver öðrum og komi vel fram við hvern annan. Þeim finnst talsvert um að nemendur séu ekki að hegða sér í kennslustundum, komi illa fram við aðra og trúfli. Þeir telja þörf á að taka rétt á þessum nemendum, ekki með hótunum heldur með hlýju og aðstoð. Nemendur telja nauðsynlegt að það séu fáar en skýrar reglur sem allir skilji og gildi fyrir alla! Þá vilja nemendur gera eitthvað skemmtilegt saman til þess að hrista saman hópinn.

Nemendum í 10. bekk eru sammála um skólamenningin sé ólík eftir því hvern eða hvaða hóp maður spyr. Þeir tala um að það sé almennt jákvætt andrúmsloft og góð stemning en það sé mikil klíkumyndun og margir nemendur á kafi í snjalltækjum öllum stundum. Nemendur í 10. bekk eru sammála um að þeir vilji ekki sund og að klíkuskiptingunni hafi neikvæð áhrif á skólamenninguna. Þeir telja brýnt að árgangurinn gera meira saman og nemendur séu opnari fyrir því að kynnast öðrum. Einnig kemur fram að nemendum finnist 60 mínútur of löng seta yfir sama verkefni og mikilvægt að kennarar brjóti oftari upp kennslustundir. Eins kemur fram að nemendur vilji fá fjölbreyttari og nýstárlegri verkefni og námsefni. Þeir leggja mikla áherslu á að

þeim finnst óþarfi að vera í sundi. Nemendum finnst mikilvægt að nemendur og kennarar hlusti meira á hvert annað og leggi áherslu á jákvæð samskipti.